

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2022

2022/EES/61/09

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1409 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir fýtómenadíóni sem fóðurukefni fyrir hesta ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1410 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðurukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma NV) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1412 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir klósambandi járn(III)sítrats sem fóðurukefni fyrir spenagrísi og aukategundir svína (leyfishafi er Akeso Biomedical, Inc. USA, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Pen & Tec Consulting SLU) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1413 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG-S 15136, sem fóðurukefni fyrir mjólkandi gyltur (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1414 frá 27. ágúst 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/422 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1424 frá 31. ágúst 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 998/2010 (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1425 frá 31. ágúst 2021 um leyfi fyrir járnklósambandi af lýsíni og glútamínsýru sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1431 frá 1. september 2021 um leyfi fyrir múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðurukefni fyrir fráfærugrísí (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 18.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 21.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 12.

⁽⁸⁾ Stjtuð. ESB L 309, 2.9.2021, bls. 5.

- 9) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1424 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 998/2010 ⁽⁹⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 11) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 400. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/422):
- „, breytt með:
- **32021 R 1414:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1414 frá 27. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 304, 30.8. 2021, bls. 21).“
2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 417. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/982):
- „418. **32021 R 1409:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1409 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir fytómenadíóni sem fóduraukefni fyrir hesta (Stjtið. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 5).
419. **32021 R 1410:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1410 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóduraukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtið. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 8).
420. **32021 R 1412:** Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1412 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir klósambandi járn(III)sítrats sem fóduraukefni fyrir spenagrísi og aukategundir svína (leyfishafi er Akeso Biomedical, Inc. USA, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Pen & Tec Consulting SLU) (Stjtið ESB L 304, 30.8.2021, bls. 14).
421. **32021 R 1413:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1413 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG-S 15136, sem fóduraukefni fyrir mjólkandi gyltur (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) (Stjtið. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 18).
422. **32021 R 1424:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1424 frá 31. ágúst 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 998/2010 (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) (Stjtið. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 9).
423. **32021 R 1425:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1425 frá 31. ágúst 2021 um leyfi fyrir járnklósambandi af lýsínu og glútamínsýru sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 12).

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 22.

424. **32021 R 1431:** 32021R1431 - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1431 frá 1. september 2021 um leyfi fyrir múramíðasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðurukefni fyrir fráfarugrísí (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtið. L 309, 2.9. 2021, bls. 5).“

3. Texti liðar 2n (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 998/2010) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1409, (ESB) 2021/1410, (ESB) 2021/1412, (ESB) 2021/1413, (ESB) 2021/1414, (ESB) 2021/1424, (ESB) 2021/1425 og (ESB) 2021/1431 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.